LÖG

um breyting á lögum nr. 97 28. des. 1971, um vörugjald, sbr. lög nr. 118 28. des. 1976, um breyting á þeim lögum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Af vörum, sem inn eru fluttar eða framleiddar eru innanlands og flokkast undir tollskrárnúmer í eftirfarandi gjaldskrá, skal greiða vörugjald til ríkissjóðs sem hér segir:

Tollskrárnúmer	Vörutegund	Gjaldeining	Vörugjald í kr.
17.04	**Sykurvörur sem kakaó er ekki í:**		
01	— Lakkrís, sykraður og lakkrísvörur	1 kg	45,60
03	— Brjóstsykur, sælgætistöflur og pastillur, ót. a.	1 kg	45,60
04	— Tyggigúmmí, húðað með sykri og óhúðað	1 kg	45,60
05	— Karamellur	1 kg	45,60
06	— Vörur úr gúmmí arabikum	1 kg	45,60
09	— Aðrar	1 kg	45,60
18.06	**Súkkulaði og aðrar neysluvörur sem í er kakaó:**		
úr 04	— Suðusúkkulaði í stöngum og plötum, þ. e. súkkulaði sem í eru einungis kakaóbaunir, sykur og ekki yfir 30% af kakaósmjöri, í smásöluumbúðum 100 g og stærri	1 kg	20,80
úr 04	— Annað	1 kg	45,60
05	— Annað súkkulaði í stöngum og plötum, ófyllt	1 kg	45,60
06	— Fyllt súkkulaði, súkkulaðihúðað sælgæti, þar með talið konfekt	1 kg	45,60
úr 09	— Súkkulaðiís og ís húðaður með súkkulaði		0,00
úr 09	— Annars	1 kg	45,60
22.01	**Vatn, ölkelduvatn og vatn með kolsýru; ís og snjór:**		
01	— Ölkelduvatn og annað vatn með kolsýru	1 l	17,00
22.02	**Límonaði, gosdrykkir, einnig með bragðefnum, og aðrar óáfengar drykkjarvörur, þó ekki ávaxta- og grænmetissafi er telst til nr. 22.07:**		
01	— Gosdrykkir	1 l	16,00
09	— Annað	1 l	16,00
22.03	**Öl gert úr malti:**		
01	— Maltöl og annað yfirgerjað öl, sem inniheldur minnst 8% af maltextrakti og minna en 2% af alkóhóli miðað við rúmmál	1 l	14,00
09	— Annað	1 l	17,00

2. gr.

12. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður skal greiða framlag til Styrktarsjóðs vangefinna er nemur 10 kr. af hverjum lítra innlendrar framleiðslu sem fellur undir tollskrárnúmer 22.01.01, 22.02.01, 22.02.09, 22.03.01 og 22.03.09. Sjóðurinn er í vörslu félagsmálaráðuneytisins.

Framlagi ríkissjóðs skal varið til að reisa og endurbæta stofnanir fyrir vangefið fólk.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1978 og gilda til 31. desember 1978.

Gjört að Bessastöðum 31. desember 1977.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Matthías Á. Mathiesen.

31. desember 1977. Nr. 84.

LÖG

um breyting á lögum nr. 49 20. maí 1977, um sérstakt tímabundið vörugjald.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki **mínu:**

1. gr.

1. málsliður 1. mgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Greiða skal í ríkissjóð sérstakt vörugjald. Skal gjaldið vera 18% til 31. desember 1978 og greiðast af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum:

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum 31. desember 1977.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Matthías Á. Mathiesen.